



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Innra mat

Skólaárið 2023-2024

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
I. LYKILTÖLUR	4
II. BRAUTSKRÁNING, SKÓLASÓKN, NÁMSÁRANGUR.....	5
III. INNRA MAT Í FVA	5
IV. KANNANIR.....	6
Kennslukönnun	7
Viðhorfskannanir - Nemendur	7
Viðhorfskannanir o.fl. - Starfsfólk	8
V. ÖNNUR VERKEFNI	9
Náms- og starfsráðgjöf – stoðþjónusta og forvarnir	10
Félagslíf nemenda	11
Heilsueflandi framhaldsskóli	11
VI. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.....	12
Umbótaverkefni sem lágu fyrir í upphafi skólaársins 2023-2024.....	12
Nokkur markmiðatengd verkefni sem lágu fyrir í upphafi skólaársins 2023-2024	13
VII. LOKAORÐ	13

INNGANGUR

Viðfangsefni innra mats hjá Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (FVA) byggir á framhaldsskólalögum nr. 92/2008. Þar segir í 40. gr. laganna að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skuli vera að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
- auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Samkvæmt 41. gr. sömu laga er fjallað nánar um innra mat og segir þar að hver framhaldsskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. laganna með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birta opinberlega upplýsingar um matið, tengsl við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjá nánari í reglugerð nr. 700/2010 um mat og eftirlit í framhaldsskólum.

Stjórnendateymi FVA skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og verkefnisstjóri gæða- og mannauðsmála. Á skólaárinu fjölgaði deildarstjórum um einn þegar stoðteymi var formlega sett á laggirnar og voru þá samtals 10, 6 konur og 4 karlar. Deildarstjórar sjá um þætti sem varða skipulag og framkvæmd innan deildar, s.s. umsjón með að áfangalýsingar og kennsluáætlanir séu í samræmi við námskrá. Yfirlit yfir verkefni/námsgreinar deildarstjóra frá haustönn 2023:

Erlend tungumál, íslenska sem annað tungumál	kvk
Húsasmíði	kk
Íslenska og skapandi greinar	kvk
Rafvirkjun	kk
Raungreinar, íþróttir, heilbrigðisgreinar	kvk
Samfélagsgreinar, lífsleikni, saga	kk
Starfsbraut	kvk
Stoðteymi	kvk
Stærðfræði, upplýsingatækni, viðskiptagreinar	kvk
Vélvirkjun	kk

Innra starf á skólaárinu var með hefðbundnu sniði; nám og kennsla var samkvæmt kennsluáætlunum og kappkostað var að efla stuðning við nemendur, bæði í félagslíf og námi en til viðbótar voru mörg verkefni sem miðuðu að því að gera gott betra. Helst er að nefna áframhaldandi endurskoðun á EKKO-áætlun (leiðbeiningar frá Mrn komu ekki fyrr en á vorönn 2024), áframhaldandi innleiðingu laga um farsæld, kynningu og innleiðingu á samskiptasáttmála, undirbúning að meistaraskóla (dreifnám) sem hófst á vorönn 2024, vinna að lykilárangursþáttum á öllum sviðum í nýmótaðri stefnu FVA, endurskoðun stofnanasamnings KÍ sem tók gildi 1.1.2024, vinna að úrbótum á grundvelli niðurstöðu ytri úttektar á vélvirkjanámi og úrbótaverkefni á grundvelli niðurstöðu ytra mats Mennta- og barnamálaráðuneytis 2022.

Skólameistari, aðstoðarskólameistari og verkefnisstjóri gæðamála skipa gæðaráð sem hefur yfirumsjón með innra mati FVA. Þar undir fellur áætlanagerð, gagnaöflun, utanumhald gagna, úrvinnsla kannana, rýnivinna og greining umbótataækifæra, gerð tillagna að umbótaverkefnum, ábyrgð á framkvæmd umbóta og eftirfylgd, úrvinnsla, skýrslugerð o.fl.

I. LYKILTÖLUR


Á haustönn 2023 voru 505 nemendur í námi við skólann en 502 á vorönn 2024:

Haustönn 2023	Karlar	Konur	Heildarfjöldi	Vorönn 2024	Karlar	Konur	Heildarfjöldi
Dagskóli haustönn	278	130	408	Dagskóli vorönn	261	135	396
Dreifnám haustönn	50	47	97	Dreifnám vorönn	74	32	106
Samtals	328	177	505	Samtals	336	166	502

Nánari upplýsingar um lykiltölur ársins 2023 eru aðgengilegar í [ársskýrslu](#) á vef skólans.

Heildarfjöldi nemenda á haustönn var ívið lægri en haustið áður (2022) en nemendur á vorönn nokkrum fleiri en vorið 2023. Nemendur í dreifnámi (verkefnadrifið nám með staðbundnum lotum um helgar) eru að jafnaði eldri og stunda námið samhliða vinnu. Nám í dreifnámi var að þessu sinni í húsasmíði og á sjúkraliðabraut en í janúar 2024 hófst jafnframt iðnmeistaránám sem var auglýst á haustönninni. Um er að ræða nám í stjórnunar- og rekstrargreinum ásamt fagtengdu námi með því markmiði að nemendur verði færir um að reka fyrirtæki skv. iðnaðarlögum nr. 42/1978 og geti veitt iðnnemum í sinni iðngrein leiðsögn og kennslu. 35 nemendur hófu námið og er stefnt að því að þeir ljúki náminu á þremur önnum. [Nánari upplýsingar](#) eru á vefsíðu skólans.

Skipting nemenda á námsbrautir var eftirfarandi:



Fjöldi áfanga:

Á haustönn 2023 voru 203 hópar í 143 áföngum.

Á vorönn 2024 voru 190 hópar í 146 áföngum.

Á vef skólans eru [lýsingar á námsbrautum](#) og [skólanámsskrá](#) sem var endurskoðuð og uppfærð vorið 2023 (18. útgáfa).

II. BRAUTSKRÁNING, SKÓLASÓKN, NÁMSÁRANGUR

Á haustönn 2023 voru 55 nemendur brautskráðir frá skólanum þann 19. desember.

Á vorönn 2024 voru 78 nemendur brautskráðir þann 24. maí.

Á vorönn 2024 náðu 15,7% dagskólanema einkunninni 9 eða 10 fyrir mætingu og fengu fyrir það 1 einingu á fyrsta þrepi sem var færð inn í námsferil við lok annar. Hlutfallið hefur lækkað undanfarin ár. [Framtíðarsýn FVA og hlutverk](#) voru mótað á skólaárinu og valdir lykilárangursþættir eru starfsfólki til leiðsagnar um hvernig vinna þarf að velferð nemenda, efla þau og styðja til skuldbindingar gagnvart náminu og virkrar þátttöku í starfi og leik.

Meðaleinkunn á haustönn 2023 var 7,02 og fallprósenta 9,4%

Meðaleinkunn í skólanum á vorönn 2024 var 6,78 og fallprósenta 12,3%

Markmið FVA er að allir nemendur hafi lokið a.m.k. 40 einingum eftir 2 annir og 80 einingum eftir 4 annir. Hlutfall nemenda sem hóf nám á haustönn 2021 á stúdentsbrautum og brautskráðist á vorönn 2024 á áætluðum námstíma (3 ár/6 annir til stúdentsprófs) var 51%:

	Loknar einingar > 40 eftir 2 annir	Loknar einingar > 80 eftir 4 annir	Brautskráning á áætluðum námstíma (3 ár til stúd.prófs)
	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall
Vor 2018	82,90%	76%	43%
Vor 2019	83%	92%	44%
Vor 2020	84%	86%	44%
Vor 2021	75%	76%	43%
Vor 2022	93%	75%	46%
Vor 2023	81%	87%	25%
Vor 2024	84%	83,5%	51%

Af heildinni: 51% útskrifuð af þeim sem hófu nám á stúdentsbraut eftir 10. bekk haustið 2021.

III. INNRA MAT Í FVA

Fyrir skólaárið 2023-2024 lá fyrir samþykkt [verk- og framkvæmdaáætlun](#) fyrir innra mat. Um er að ræða ætlaða tímasetningu reglubundinna kannana (mat nemenda á kennslu og námsefni), viðhorfskannana (mat á líðan nemenda og starfsfólks og viðhorf til þjónustupátta), starfsmannasamtala og snerpusamtala í kjölfar kennslukannana, auk rýni í töluleg gögn, rýnihópavinnu og niðurstöður ytri kannana (s.s. Stofnun ársins), ytri úttektir (viðhaldsúttekt í mars 2024 á jafnlaunakerfi skólans) og ytra mat sem Mennta- og barnamálaráðuneytið lætur gera á fimm ára fresti og var framkvæmt síðast á haustönn 2022. Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir innra mat verður endurskoðuð á skólaárinu 2024-2025 og ný áætlun mótuð með gildistöku frá hausti 2025.

Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir mat og úttektir á skólaárinu:



Mat og eftirlit með skólastarfinu	Skjal, aðferð	H2023	V2024	Úttektaraðili	Framkvæmt x fyrir já
Kannanir, lykiltölur, greiningar, skýrslur 2023-2024					
1 Kennslukönnun - að jafnaði lögð fyrir nem. í völdum áföngum um viðhorf til kennslu, samskipta við kennara, námsefnið o.fl. Lögð fyrir alla nem. H2023 í tengslum við stefnumótunarvinnu	Rafræn könnun	x		Aðstoðarskólameistari	j
2 Viðhorfskönnun - lögð fyrir útskrifaða nemendur um eftirámat á námi í FVA	Rafræn könnun		x	Aðstoðarskólameistari	j
3 Viðhorfskönnun - skólinn frá sjónarhóli foreldra	Rafræn könnun		x	Aðstoðarskólameistari	j
4 Viðhorfskönnun - lögð fyrir nem. um viðhorf til þjónustu, (um líðan,) viðhorf til félagslífs o.fl.	Rafræn könnun		x	Aðstoðarskólameistari	j
5 Viðhorfskönnun meðal starfsfólks	Rafræn könnun			Aðstoðarskólameistari	n
6 Snerpusamtöl við kennara í kjölfar kennslukannana	Skráð samtöl	x	x	Aðstoðarskólameistari	j
7 Starfsmannasamtöl stjórnenda við starfsfólk á amk á 2 ára fresti	Skráð samtöl	x	x	Skólameistari og aðstoðarskólameistari	j
8 Skýrslur verkefnastjóra	Innköllun		x	Skólameistari	j
9 Áætlun um innra mat endurskoðuð	Rýni			Skólam., aðst.skólam. og gæðastjóri	n
10 Lykítölur teknar saman	Greining og skráning	x	x	Aðst.skólameistari, áfangstjóri, gæðastjóri	j
11 Skýrsla um innra mat	Gerð skýrslu		x	Aðstoðarskólameistari og gæðastjóri	j
Rýnihópvavinna 2023-2024					
12 Rýnihópur um endurskoðun EKKO áætlunar	Skráð niðurstaða		x	Deildarstj. stoðt. og gæðastj.	j
13 Rýnihópur fyrir val á birtingarmyndum samskiptasáttmála	Skráð niðurstaða	Úrvinnsla 23-24		Stjórnandi vinnunnar	
14 Lýðræðisfundur nemenda, umbætur og samskipti	Skráð niðurstaða	Úrvinnsla 23-24		Stjórnandi vinnunnar	
15 Rýnihópar starfsfólks (og hagaðila) í vinnu um stefnumótun FVA til næstu ára	Skráð niðurstaða	x	x	Skólameistari og ytri aðilar	j
16 Rýnihópur/sjálfsmatsteymi um innra mat	Skráð niðurstaða			Stjórnandi vinnunnar	n
17 Rýni og úttekt á vélvirkjanám hjá FVA	Skráð niðurstaða	Úrvinnsla 23-24		Skólameistari og aðstoðarskólameistari	j
Ytra mat og annað tengt innra mati 2023-2024					
18 Launagreining; vaktaðir og mældir þættir sem hafa áhrif á launamyndun; frammistaða FVA staðfest.	Embla - launagr.verkf. FJS	x		Fjármálastjóri	j
19 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur	4.3.2_GAT 4.3.2_VEL	x		Skólameistari og gæðastjóri	j
20 Innri úttekt skv. áætlun jafnlaunakerfis FVA	4.5.5_GAT 4.5.5_VEL	x		Innra úttektarteymi	j
21 Rýni stjórnenda	4.6_GAT 4.6_VEL		x	Gæðastjóri	j
22 Ytri úttekt á jafnlaunakerfi	Skjöl og skrár jafnlaunakerfisins		x	iCert	j
23 Stofnun ársins - könnun meðal starfsfólks um stjórnun, líðan á vinnustað og aðbúnað	Rafræn könnun	x		Gallup	j
23 Ytra mat skv. reglugerð 700/2020	Úttekt - skýrsla	Úrvinnsla 23-24		Skólameistari	

Rýni á niðurstöður kannana og úrvinnsla þeirra var allnokkur og mörg umbótaverkefni í gangi auk vinnu við áhersluverkefni á grundvelli stefnumótunar. Kannanir og úttektir í liðum 18-23 varðandi innri og ytri úttekt á jafnlaunakerfi skólans og stofnun ársins voru samkvæmt áætlun en ytra mat var ekki framkvæmt heldur unnið að umbótum á grundvelli tillagna skv. niðurstöður úttektar 2022 (sjá [ársskýrslu 2023](#), (Staða verkefna í árslok 2023...bls. 17).

IV. KANNANIR

Hér er fjallað um niðurstöður kannana sem varða skólastarfið, skv. liðum 1 – 7 í töflunni í kafla III hér á undan.



KENNSLUKÖNNUN

Nemendur leggja mat á áfanga og kennslu í völdum áföngum í dagskóla og dreifnámi. Niðurstöður gefa vísbendingar um það sem vel er gert og það sem má bæta. Þær eru að jafnaði framkvæmdar í Innu í apríl og nóvember. Hver áfangi er metinn ekki sjaldnar en á tveggja ára tímabili.

Mat á niðurstöðum: Viðmið um a.m.k. 80% svara með svarinu „sammála“ eða „mjög sammála“ er metið þannig að kennslan sé fullnægjandi og innan viðmiðunarmarka sem krefjast sérstakra viðbragða. Svör undir 80% eru sérstaklega rædd í snerpusamtölum í kjölfar kennslukönnunar. Góðum niðurstöðum eru sömuleiðis gerð skil í snerpusamtölum.

Á haustönn 2023, dagana 14. til 22. nóvember var kennslu- og líðankönnun **lögð fyrir alla hópa** í dagskóla og dreifnámi, sem hluta af stefnumótunarvinnu en að jafnaði er könnunin lögð fyrir u.þ.b. þriðjung. Samtals 2738 svarendur (sumir taka fleiri en eina könnun) féllu undir úrtakið. Könnunin var lögð fyrir nemendur í öllum greinum; spurningar voru samtals 8 og þátttaka var um 65% sem er svipað og árið áður og betri en annirnar þar áður. Matið kom í heildina vel út (tæplega 90% í „Sammála“ eða „Frekar sammála“) og gefur þannig til kynna að kennslan sé almennt góð í viðkomandi greinum sem er hvetjandi fyrir kennara. Ein spurningin náði þó ekki viðmiði:

Ég tek þátt í umræðum í tímum (68%)

Í framhaldi var rætt við kennara og þeir upplýstir um niðurstöðuna, hrósað þar sem það átti við og leiðbeint þar sem má bæta. Þeim var falið að huga sérstaklega að niðurstöðunni „Ég tek þátt í umræðum í tímum“ og leita leiða til að virkja nemendur til aukinnar þátttöku enda mikilvægt verkefni að styðja við nemendur og efla þá sem um leið styður við framgang [stefnu FVA og framtíðarsýn](#). Þetta verkefni var áhersluverkefni í öllum deildum og hluti af stefnumótunarvinnu.

Á vorönn 2024 var ekki lögð fyrir kennslukönnun þar sem allir hópar tóku þátt í könnun á haustönninni. Sambærileg könnun verður aftur lögð fyrir á haustönn 2024.

VIÐHORFSKANNANIR - NEMENDUR

Þjónustukönnun var lögð fyrir nemendur á vorönninni, þ.e. frá 8.3.-18.3.2024. Hún var lögð fyrir 390 nemendur í dagskóla og var svarhlutfallið 58%. Spurt var um þjónustu á flestum sviðum í skólastarfinu, s.s. bókasafn, mötuneyti, Innu, skrifstofu, tölvaþjónustu, skólann á samfélagsmiðlum, félagslíf og stjórnendur skólans. Svör þeirra við fullyrðingum og opin svör nýtast til að sækja fram í nokkrum þáttum til að mæta betur þörfum nemenda.

Stjórnendur kynntu niðurstöður fyrir hlutaðeigandi starfsfólki í starfsmannasamtali.

Útskrifaðir nemendur. Á vorönn 2024 var að vanda leitað eftir viðhorfi fyrrum nemenda sem hafa útskrifast frá skólanum. Í úrtakinu voru nemendur sem útskrifuðust fyrir þremur árum (vor og haust 2021), samtals 99 fyrrverandi nemendur. Könnunin var send á netföng sem skráð eru í Innu. Þátttaka var um 26% og könnunin því vart marktæk en þó má líta á niðurstöður sem vísbendingu um gæði skólastarfsins.

Niðurstaðan var að um 65% þátttakenda eru í námi, þar af 58% í háskólanámi. Um 42% eru mjög eða frekar sammála því að nám í FVA hafi veitt góðan undirbúning fyrir framhaldsnám en um 19% voru því hvorki sammála né ósammála; um 65% eru mjög eða frekar sammála því að kennslan hafi verið góð en 23% merktu við hvorki sammála né ósammála og tæp 80% að námsaðstaðan hafi verið góð; um 69% segja að þeim hafi liðið vel í FVA og um 23% svara með hvorki sammála né ósammála; um 54% segja að námið hafi verið hæfilega þungt. Í svörum við opinni spurningu komu fram ábendingar sem komið er á framfæri við viðkomandi starfsfólk í starfsmannasamtölum og á deildarfundum, eftir því sem við á.

Niðurstöður voru kynntar á kennarafundi á vorönn 2024.

Foreldrakönnun (foreldrar nýnema). Á vorönn 2024 var leitað eftir viðhorfi forráðamanna nýnema til ýmissa þjónustupátta skólans. Könnunin var lögð fyrir 188 forráðamenn en þátttaka var um 21%. Báðir foreldrar fengu tölvupóst með hlekk á könnunina til þess að styðja við betri þátttöku. Litið er á niðurstöður sem vísbendingu um hversu ánægðir forráðamenn eru með hina ýmsu þjónustupætti í skólanum.

Niðurstöður voru eftirfarandi, miðað við fjölda svara (21%): Um 87% foreldra eru mjög eða frekar ánægðir með val barnsins á framhaldsskóla; um 92% þekja skólareglur FVA mjög eða frekar vel; rúmlega 20% finnst upplýsingar á vef skólans mjög aðgengilegar og um 72% frekar aðgengilegar. Rúmlega 46% fara 1x í viku inn í Innu, um 38% 2-3 sinnum í viku og 10% daglega. Um 84% finnst upplýsingar í Innu frekar eða mjög góðar; um 90% finnst þjónusta skrifstofu FVA vera mjög eða frekar góð og rúmlega 73% finnst þjónusta stjórnenda vera mjög eða frekar góð. Um 69% þátttakenda finnst þjónusta mötuneytis mjög eða frekar góð. Um 45% finnst þjónusta bókasafns vera mjög eða frekar góð. Um 80% þátttakenda tók afstöðu til þjónustu náms- og starfsráðgjafa við barn sitt og voru mjög eða frekar ánægðir með hana. Í svörum við spurningu um þjónustu heimavistar tóku um 70% ekki afstöðu. Í svörum við opinni spurningu komu fram ábendingar sem skólastjórnendur nýta til umbóta með starfsliðinu og til að hrósa eftir því sem við á.

Niðurstöður verða kynntar á kennarafundi haustið 2024.

Auk framangreindra kannana tóku nemendur þátt í æskulýðsrannsókn sem unnin er af Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. Könnunin var opin fyrir nemendur okkar þann 27.10.2023. Niðurstöður liggja ekki fyrir þegar þessi samantekt er gerð.

VIÐHORFSKANNANIR O.FL. - STARFSFÓLK

Ekki náðist að koma fyrir könnun á meðal starfsfólks til ýmissa þjónustupátta eins og til stóð. Samtal milli stjórnenda og starfsfólks var hins vegar með ágætum; stjórnendur hvetja starfsfólk til að koma á framfæri fyrirspurnum og ábendingum um það sem betur má fara og úrlausna er leitað í samráði. Formleg þjónustukönnun verður framkvæmd á haustönn 2024.

Að venju voru starfsmannasamtöl á dagskrá allt skólaárið; þar ræða skólameistari og starfsmaður með skipulögðum hætti um starfið, s.s. verkefni starfsins, samskipti, líðan, vinnuaðstæður, starfsþróun o.fl. og sammælast um niðurstöður. Kappkostað er að starfsmaður fái samtal árlega en ekki sjaldnar en annað hvert ár auk þess sem hann getur óskað eftir samtali hvenær sem er. Á skólaárinu voru 64 starfsmannasamtöl við kennara og annað starfsfólk. Áherslan að þessu sinni var á samskipti og samskiptasáttmálann, framlag til vinnu við stefnumótun með nemendur í forgrunni og hugmyndir að nýsköpun í starfi. Samtali fylgir áætlun um eftirfylgd við niðurstöður og ákvarðanir. Ekki voru formleg starfslokasamtöl þar sem enginn lét af störfum. Starfsmannasamtölum verður fram haldið á komandi skólaári.

Snerpusamtöl við kennara voru í höndum aðstoðarskólameistara en þau voru að venju á dagskrá í kjölfar kennslukönnunar. Um er að ræða stutt, hnitmiðað starfsmannasamtal við kennara um niðurstöðu könnunar og möguleg viðbrögð en hvort tveggja er trúnaðarmál milli viðkomandi. Jafnframt getur kennari alltaf óskað samtals án tillits til niðurstöðu könnunarinnar. Að þessu sinni fór kennslukönnun fram á haustönn og náði til allra kennara og fjöldi samtala því mikill. Farið var yfir samandregnar niðurstöður kennslukönnunar á kennarafundi og þær ræddar meðal kennara í deildum.



Skipulögð nýliðafræðsla og -þjálfun fyrir nýtt starfsfólk felst í faglegri handleiðslu á fyrstu mánuðum í starfi, skv. móttökuáætlun og hefur reyndur kennari það verkefni með höndum; hann á reglubundin samtöl við nýliða til að tryggja eftirfylgd við góða aðlögun þeirra að nýju starfi og nýjum vinnustað. Skólameistari fylgir þessu eftir með samtali við nýliða eftir tvo mánuði í starfi. Formleg samtöl voru við 11 nýliða á skólárinu. Í lok vorannar 2024 s voru nýliðar beðnir um að leggja mat á hvort fræðsla og leiðsögn sem þeir fengu hafi verið fullnægjandi eða hvar megi gera betur; niðurstöður eru nýttar til umbóta en að þessu sinni voru þeir sáttir sem er hvetjandi fyrir stjórnendur og umsjónaraðila.

Stofnun ársins, starfsumhverfiskönnun ríkisins og Sameykis, fór fram haustið 2023. Sem fyrr voru þessir þættir kannaðir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og loks jafnrétti. Niðurstöður lágu fyrir í febrúar 2024: Einkunn FVA var 4,28 og var ánægjulegt að okkur skyldi áfram takast að verja þá umtalsverðu bætingu sem náðist síðustu þrjú ár...og bæta aðeins í! Helstu niðurstöður könnunarinnar er aðgengilegar í heild sinni á vef [Sameykis](#) en í skólabyrjun á haustönn 2024 verður kynning fyrir starfsfólk á niðurstöðunum.

Því skal haldið til haga að árangur er umtalsverður frá mælingu vorið 2019:

2019	2020	2021	2022	2023
3,47	3,98	4,2	4,21	4,28

Í [endurskoðaðri stefnumiðaðri áætlun frá 2023](#) kemur fram árangursviðmiðið 4,3 fyrir árið 2025 og er stefnt að því að ná þeim árangri, m.a. með áherslu á lýðræðislega stjórnunarhætti og árangursrík samskipti við starfsfólk og nemendur. Í árslok 2023 tók gildi nýr stofnanasamningur KÍ starfsfólks sem styrkir stöðu FVA enn frekar en áður í launasamanburði við aðra ríkisrekna framhaldsskóla. Áfram verður unnið að því að gera enn betur á öllum sviðum.

Til viðbótar við framangreint skal nefnt að rýnihópar (e.a. úr röðum nemenda, foreldra eða annarra hagaðila) eru fengnir að borðinu þegar það á við og því er við komið; mat þeirra er þá nýtt til umbóta. Á þessu skólaári voru utanaðkomandi aðilar ekki þátttakendur í slíkri vinnu hjá okkur. Þá má nefna árlega launagreiningu, úttektir og rýni á grundvelli ÍST 85-2012, gæðastaðals fyrir jafnlaunakerfi, en jafnlaunakerfi FVA hlaut fyrst vottun á grundvelli staðalsins árið 2020 og vottun var síðast staðfest í mars 2024.

V. ÖNNUR VERKEFNI

Önnur verkefni en framangreind eru mörg og af mismunandi toga, sum eru afgreidd á skömmum tíma en önnur eru langtímaverkefni; öll miða þau að því að efla nemendur og búa þau undir frekar nám og störf, með einum eða öðrum hætti. Dæmi:

- Umhverfismál eru alltaf í vinnslu; við höldum Grænt bókhald, fimmta Græna skrefið er rétt handan við hornið og umhverfis- og loftslagsstefna FVA ásamt aðgerðaráætlun var uppfærð og send til umsagnar á vordögum; staðfest samþykki var ekki komið þegar þetta er ritað. Nemendur eru virkir í umhverfisteymi.
- Öryggisnefnd FVA fundar reglulega og kynnti sér jafnframt öryggismerkingar í öðrum skóla sem unnið var með í framhaldi og verður fylgt eftir á næsta skólaári.
- Kynnisferðir nemenda á árinu voru nokkrar að venju, s.s. heimsókn nemenda í málmíðnaðardeild til Stálsmiðjunnar og Norðuráls og nemendur í rafiðn fóru í vettangsferð til RARIK í Borgarnesi ofl.



- Umferðar forvarnardagur 9.4.24 var vel undirbúinn og tókst vel: Fyrirlestrar og sviðsett umferðarslys fyrir utan skólann settu svip á daginn.
- Starfsþróunardagur starfsliðs skólans á vorönn; starfsfólk FVA sinnti starfsþróun í Reykjavík og nágrenni ásamt starfsfólki frá öðrum framhaldsskólum (samtals 24 skólar) og leitaði fanga til að efla sig í starfi.
- Áhættumat skv. vinnuumhverfisvísun VER var gert fyrir tré, raf og mötuneyti á vorönninni; mat fyrir skólann í heild og skrifstofu var sett í endurskoðun og verður yfirfarið á haustönn 2024.
- Almannaþingir og áhættumat; áhættumat skólans var yfirfarið og skráð á vefgátt Almannaþinga.

Til viðbótar við framangreint má nefna [Skruddu](#), fréttabréf FVA á vef skólans, þar sem vikulega er miðlað upplýsingum um það sem er á döfinni í skólanum hverju sinni, til nemenda, starfsfólks, foreldra og annarra áhugasamra. Skólameistari er ábyrgðar- og umsjónarmaður Skruddu.

Hér á eftir er gert greint fyrir náms- og starfsráðgjöf á skólaárinu, stoðþjónustu, EKKO og forvörnum, félagslífi nemenda og heilsueflandi framhaldsskóla. Alþjóðasamstarfi eru gerð skil í [ársskýrslu](#) bls. 14.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF – STOÐÞJÓNUSTA OG FORVARNIR

Á skólaárinu voru náms- og starfsráðgjafar í samtals 150% starfshlutfalli, staða skólahjúkrunarfræðings í 50% starfshlutfall og staða sálfræðings í 75% starfshlutfalli (ný staða frá hausti 2023). Þau mynda stoðteymi skólans ásamt áfangastjóra og eftir atvikum félagslífsfulltrúa. Samvinna í teyminu er mikil.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa tengdust náms- og starfsferli nemenda, námsstuðningi og hvatningu en einnig þungum nemendamálum. Helstu verkefni skólahjúkrunarfræðings tengdust geðheilbrigði og öðru heilsufari og viðtöl hjá sálfræðingi snerust helst um andlega líðan og virkni.

Upplýsingar um [þjónustu stoðteymisins](#) eru aðgengilegar á vefsíðu skólans en til að auðvelda aðgengi nemenda enn frekar að þjónustunni heldur hún úti Instagramsíðu þar sem þau geta nálgast ýmsar upplýsingar, svo sem um sérúrræði, prófundirbúnining, stöðupróf, jafningjafræðslu og hvatningu.

Fulltrúi stoðteymis er til staðar á öllum skólaviðburðum og á dagskrá fyrir næsta skólaár er að aðstoða við að efla og styðja frekar við klúbbastarf nemenda og almennt auka samstarf við félagslífsfulltrúa og forvarnarfulltrúa. Einnig er áhugi á að efla hópráðgjöf í formi örfræðslu.

Teymið hefur verið með sérstakan stuðning við skilgreinda hópa og vill halda því áfram. Einnig sér teymið sóknarfæri til að ná til nemenda sem þekkja lítið eða ekki til stoðþjónustunnar en spurningakönnun sem framkvæmd var nú á vordögum gefur til kynna að þar sé enn verk að vinna.

Þá má geta þess að teymið fékk styrk á vorönninni fyrir „Þróun módelis fyrir starfstengda námslínu á framhaldsskólabraut“ og vinna við það hefst í byrjun haustanna 2024.

[EKKO](#) áætlun skólans var í endurskoðun á árinu í samstarfi við gæðastjóra og ætlað að uppfærð áætlun og leiðbeiningar verði tilbúnar á haustönn 2024. Virkur samskiptasáttmáli tengist EKKO áætlun enda óumdeilt að góð samskipti í dagsins önn styðja við forvarnir. [Samskiptasáttmálanum](#) var haldið á lofti við nemendur og starfsfólk og upplýsingar um hann aðgengilegar bæði á vef skólans, á veggspjöldum og samfélagsmiðlum.

Forvarnarstarf var margþætt og fól m.a. í sér „viku 6“ í samráði við nemendafélag NFFA þar sem ýmis fræðsla fór fram og viðburðir tengdir kynheilbrigði; þátttaka nemenda var góð. Forvarnarstarfið fór einnig fram í samvinnu við heilsueflingarteymi og félagslífsfulltrúa.

Innleiðing á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna (lög nr. 86/2021) hófst haustið 2022 í nánú samstarfi við Akraneskaupstað en FVA er einn þeirra framhaldsskóla sem taka þátt í innleiðingunni.

Náms- og starfsráðgjafar og kennari á starfsbraut skipa teymið sem m.a. sækir fasta mánaðarlega fundi með tengiliðum, málstjórum og innleiðingarteymi Akraneskaupstaðar. Farsældarteymi skólans heldur áfram öflugum starfi við innleiðingu farsældarlaga en þess má geta að á vordögum staðfesti FVA með undirritun sinni samstarfsyfirlýsingu um verkefnið Öruggara Vesturland gegn heimilisofbeldi (samstarfsverkefni Ríkislögreglustjóra, sveitarfélaganna, HVE, íþróttafélaganna og Sýslumannsins á Vesturlandi).

Auk framangreinds tóku tengiliðir farsældar þátt í tveimur fundum á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Áskoranir í þessari vinnu eru fjölmargar og á þeim þarf að finna lausnir en lögin gera kröfu um að þörfum barna í samþættri þjónustu til farsældar sé mætt hverju sinni óháð greiningum. Kortlagning þjónustunnar er hafin og framundan er þróun verkferla í tengslum við mat á þörfum barns í samþættri þjónustu.

FÉLAGSLÍF NEMENDA

Haldnir voru nokkrir dansleikir á árinu og að þessu sinni voru þeir haldnir í skólahúsnæðinu. Fengum við m.a. nemendur frá MB í heimsókn. Leiklistarklúbburinn Melló setti upp söngleikinn Grease og voru alls 11 sýningar fyrir fullu húsi og feiknagóðar undirtektir. Nokkrir klúbbar voru starfandi innan NFFA, s.s. Viskuklúbbur sem sá um þátttöku í Gettu betur og íþróttaklúbbur sem sá um íþróttakeppnir. Félagslífsfulltrúi er nemendafélaginu NFFA til halds og trausts.

HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI

Sem fyrr stóð öflugur hópur starfsfólks (5 manns) og tveggja fulltrúa nemenda fyrir viðburðum og fræðslu á skólaárinu. Verkefni teymisins eru mörg, s.s. að huga að því að efla félagsleg tengsl, fræða um skaðsemi ljósabekkja og nikótínþúða og annarra vímuefna, skipuleggja Heilsuviku, virkja íþróttaklúbb nemenda til þátttöku í teyminu og fylgja eftir áherslum Hugarfrelsis.

Einnig var unnið með gátlista Landlæknis og fylgst með árangri okkar í tilgreindum þáttum listans. Dregin var grunnlína í farsæld og er 70% listans komin til framkvæmda. Skor í gátlista öryggis hækkaði úr 57% í 83% og gátlisti hreyfingar hækkaði úr 47% í 76%. Það má því til sanns vegar færa að starf teymisins, í góðu samstarfi við stjórnendur, starfsfólk og nemendur, skili árangri.

Viðburðir, fræðsla ofl.:

- Heilsuvika í lok september; metnaðarfull dagskrá með fyrirlestrum, Winter Cup, ratleik, fjallgöngu ofl.
- Starfsmannagöngur voru skipulagðar en þátttaka var dræm
- Lífshlaupið; góð þátttaka meðal starfsfólks en engin meðal nemenda
- Opnir dagar; ýmsir heilsefandi viðburðir, s.s. golfhermir, flugkastnámskeið, útihlaup, amerískur fóbolti, slökun og núvitund og fyrirlestur um andlega og líkamlega heilsu
- Syndum átakið var auglýst
- Þátttaka í viku 6 (febrúar) um kynheilbrigðismál

Undirbúningur að heilsueflingu næsta skólaárs hófst á vorönn, s.s. um að hrinda af stað verkefni til að efla félagstengsl og samskipti (borðspil og spilastokkar aðgengileg víðs vegar um skólann), kort af gönguleiðum um nágrenni skólans útbúin og verði sýnileg nemendum og starfsfólki. Sinna áfram forvörnum gegn orkudrykkjum, notkun ljósabekkja og nikótínþúðum og fylgja því eftir. Ferð starfsfólks á Lónsöræfi í lok sumarleyfis var einnig skipulögð.

VI. TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Hér eru rifjuð upp umbótaverkefni sem fyrirhuguð voru á skólaárinu 2023-2024 auk nokkurra markmiðatengdra verkefna; framvinda á skólaárinu tilgreind.

UMBÓTAVERKEFNI SEM LÁGU FYRIR Í UPPHAFI SKÓLAÁRSINS 2023-2024

Ýmis umbótaverkefni sem lágu fyrir haustið 2023	Framvinda á árinu og staðan vorið 2024
Vinna áfram að því að efla námskraft og virkni nemenda með öllum tiltækum ráðum	Í stöðugri vinnslu, m.a. í gegnum áhersluverkefni kennara í tengslum við stefnumótun
Viðhalda fræðslu fyrir nemendur um góð samskipti og áætlun gegn EKKO	Unnið var með þennan þátt í lífsleikniáföngum, í náms- og starfsráðgjöf og dagsdaglega í almennum samskiptum, utan og innan kennslustofunnar; einnig unnið með samskiptasáttmála í verkefnum á listasviði
Þróa verkferla í tengslum við mat á þörfum nemenda í samþættri þjónustu í þágu farsældar barna	Í stöðugri vinnslu hjá stoðdeild og farsældarteymi
Verknám; halda áfram að efla verknám, vinna með niðurstöður ytri úttekta á vélvirkjanámi; meta árangur breytinga í rafvirkjun (6 annir í stað 7) og fylgja eftir	Breytingar og umbætur ganga vel. Í rafvirkjun var tilætluðum árangri náð og námstími stytur. Umbætur í vélvirkjanámi ganga vel, birtist m.a. í auknu samtali deildar og stjórnenda
Vinna úr niðurstöðum stofnunar ársins 2022 með Gallup og móta áherslur fyrir skólaárið 2023-2024	Á skólafundi haustið 2023 kynnti Gallup niðurstöður fyrir starfsfólki. Áherslur skólaársins framundan voru þær sömu og áður, þ.e. að eiga gott samtal og við hafa lýðræðisleg vinnubrögð
Halda heilsueflingu stöðugt á lofti með aðkomu heilsueflingarteymis. Einnig halda áfram sem heilsueflandi vinnustaður	Teymið heldur nemendum og starfsfólki við efnið með fræðslu, viðburðum og átaksverkefnum
Vinna áfram að framtíðarsýn og stefnu FVA þar sem frá var horfið vorið 2023	Stefna og framtíðarsýn er aðgengileg á vef skólans og samtöl skipulögð við starfsfólk um leiðir til að styðja við lykilarangursþætti
Viðhalda lýðræðislegum vinnubrögðum, s.s. með því að fá upp á borðið hugmyndir nemenda og starfsfólks og fá þau í að fylgja eftir aðgerðum	Nemendur eru þátttakendur í nokkrum nefndum og ráðum með starfsfólki
Jafnréttisstarf og jafnréttisfræðsla undir forystu jafnréttisfulltrúa og jafnréttisráðs	Fræðslu haldið úti fyrir starfsfólk, m.a. í Skruddu, um hugtaka- og orðanotkun í kynja- og jafnréttismálum og nýtt í kennslustundum. Jafnréttisfélagið Bríet var endurreist
Vinna áfram að innleiðingu atvikaskráningar gegnum gæðahandbók á vefnum	Fallið var frá því að færa atvikaskráningu í gæðahandbók og ákveðið að viðhalda henni í sama formi og áður. Kynning fór fram fyrir starfsfólk á skráðum atvikum ársins og viðbrögðum

NOKKUR MARKMIÐATENGÐ VERKEFNI SEM LÁGU FYRIR Í UPPHAFI SKÓLAÁRSINS 2023-2024

Til viðbótar við framangreindar umbætur lágu fyrir markmið fyrir skólaárið 2023-2024 á ýmsum sviðum. Aðgerðir og viðmið voru ekki endilega skilgreind sérsaklega en þegar rýnt er í framvindu má sjá að vel gekk á sumum sviðum en síður á öðrum sem kallar þá á umbætur eða jafnvel áherslubreytingu á næsta skólaári.

Verkefni tengd markmiðum sem lágu fyrir haustið 2023	Framvinda og staðan vorið 2024
Kynna nemendum mikilvægi persónuverndar, upplýsingaöryggis (lífsleikniáfangi og stjórn NFFA)	Persónuverndarfulltrúi FVA heimsótti alla lífsleikniáfanga og stjórn NFFA á haustönn og kynnti fyrir þeim persónuvernd og upplýsingaöryggi
Halda samskiptasáttmála FVA á lofti (vinnu að honum lokið á vorönn 2023)	Í lífsleikniáföngum, í listaáfanga (t.d. gerð myndbanda), í samtölum við starfsfólk og nemendur og í samskiptum almennt
Verknám: Auka samtal um öryggi á vinnustað og heilsusamlegt vinnuumhverfi (deildarstjórar og öryggisnefnd) og bæta utanumhald.	Vinna að verklagsreglum um viðbrögð á vinnustað við áföllum og slysum með deildarstjórum verknámsgreina og raunagreina er í vinnslu (áætlað lokið haustið 2024)
Framtíðarsýn og stefna FVA staðfest	Unnið þétt á vorönn með starfsfólki að verkefnum sem styðja skilgreinda lykilárangursþætti með utanaðkomandi ráðgjöf; stefna og framtíðarsýn FVA er aðgengileg á vefsíðu skólans
Styðja og efla nemendafélagið og auka aðhald með rekstri þess (mánudagsfundir)	Utanumhald hjá félagslífsfulltrúa og fundir með skólameistara; aðhald með rekstri hjá fjármálastjóra
Gæðahandbók FVA á vefnum	Gæðahandbók aðgengileg á vef skólans í árslok 2023

Sum framangreindra verkefna eru með einum eða öðrum hætti hluti af markmiðum í [stefnumiðaðri áætlun FVA 2024-2026](#) (uppfærð í lok árs 2023).

VII. LOKAORÐ

Ánægjulegt er að upplýsa lesendur um að vel gengur í FVA eins og þessi skýrsla ber með sér. Unnið hefur verið markvisst að því að bæta ímynd skólans út á við og efla mannauð og vellíðan nemenda og starfsfólks. Öll aðstaða hefur batnað, fjárhagur er ágætur og yfirstandandi stefnumótun gengur vel.

Endurbætur á húsnæðinu hafa tekið tíma og kosta sitt en er langt í frá lokið; það er ljóst að Ríkiseignir-Framkvæmdasýslan þarf að hlúa verulega að heimavist skólans sem fyrst, þar ættu t.d. að vera eldtraustar hurðir fyrir öllum herbergjum og hljóðvist þarf að bæta.

Við höldum áfram að takast við margs konar áskoranir í starfseminni. Áhersla er alltaf lögð á lýðræðislega nálgun í kennslu- og stjórnunarháttum, persónulega þjónustu og notalegan skólabrag og við stefnum alltaf í átt að enn betri skóla.

Akranesi 21. júní 2024

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari